

Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 20. apríl.)

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Til stofns telst enn fremur endurgjald sem ber að reikna manni sem vinnur við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Skattstjóri skal tilkynna launagreiðanda sem leggur fram áætlun um tekjur sínar í samræmi við tímafrest 1. mgr. eða 1. mgr. 19. gr. um ákvörðun reiknaðs endurgjalds eigi síðar en 15 dögum fyrir eindaga, sbr. 3. mgr. 20. gr. Ákvörðun skattstjóra skv. 1. másl. eða áætlun skattstjóra skv. 21. gr. um greiðsluskylda fjárhæð, sbr. 1. mgr., má skjóta til skattstjóra innan 15 daga frá póstlagningardegi tilkynningar. Innan 15 daga frá lokum kærufrests skal skattstjóri hafa úrskurðað kærur.

Kæruúrskurði skattstjóra skv. 3. mgr. má skjóta til ríkisskattstjóra innan 15 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra, sem tekur endanlega ákvörðun um fjárhæð endurgjalds á staðgreiðsluári.

3. gr.

1. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem telst launagreiðandi skv. 7. gr. skal ótilkvaddur og eigi síðar en 8 dögum áður en starfsemi hans hefst tilkynna ríkisskattstjóra um starfsemi sína þar sem tilgreint er nafn, heimili og kennitala launagreiðandans.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

4. gr.

Á eftir orðunum „sjálfstæða starfsemi“ í 6. másl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: eða vegna vinnu hans við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „(OECD)“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: og Liechtenstein.
- b. Á eftir orðinu „OECD“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: eða Liechtenstein.
- c. Á eftir orðinu „OECD“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: eða Liechtenstein.

IV. KAFLI

Gildistaka laganna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.